

REGLUGERÐ um verðbréfaréttindi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skipan prófnefndar og framkvæmd prófa til öflunar verðbréfaréttinda, þar á meðal prófkröfur, prófgreinar, lágmarksárangur til að standast próf, heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild og kröfur um endurmenntun til að viðhalda verðbréfaréttindum.

2. gr.

Prófnefnd.

Prófnefnd verðbréfaréttinda hefur umsjón með prófi til öflunar verðbréfaréttinda skv. 41. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Ráðherra skipar fimm manna prófnefnd til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu vera tilnefndir af samstarfsnefnd háskólastigsins, sbr. 26. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Skal annar þeirra gegna fullu starfi hjá viðskiptadeild háskóla sem hefur leyfi til að útskrifa viðskiptafræðinga og hinn skal gegna fullu starfi við lagadeild háskóla sem hefur leyfi til að útskrifa lögfræðinga sem metnir eru fullnægjandi að lögum til að öðlast málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum, sbr. nú 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja og einn skal tilnefndur sameiginlega af rekstraraðilum markaða á Íslandi, sbr. 46. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Einn skal skipa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

3. gr.

Fyrirkomulag prófa og prófgjöld.

Próf til öflunar verðbréfaréttinda skulu að jafnaði haldin eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Prófnefnd ákveður fjölda prófa. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg.

Próf skulu auglýst með að lágmarki átta vikna fyrirvara. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær próf eru haldin, tímalengd þeirra, hvaða hjálpargögn eru leyfileg og hvaða lágmarkseinkunnar er krafist. Í auglýsingunni skal einnig koma fram hvar upplýsingar um prófkröfur og prófsefni er að finna.

Ekki er skylt að halda sérstakt sjúkra- eða upptökupróf í tengslum við próf samkvæmt 1. mgr. nema að lágmarki fimm einstaklingar hafi skráð sig í próf.

Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skulu þau greidd fyrir tiltekna dagsetningu sem prófnefnd ákveður. Upplýsingar um fjárhæð prófgjalda skulu liggja fyrir í síðasta lagi tveimur vikum fyrir próf.

4. gr.

Efni prófs til öflunar verðbréfaréttinda.

Prófnefnd tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á prófi til öflunar verðbréfaréttinda, sbr. 2. og 3. mgr., sem og fjölda prófa og lengd próftíma. Prófnefnd semur prófsefnislýsingu og skal hún liggja fyrir á vefsíðu ráðuneytisins þegar próf er auglýst skv. 2. mgr. 3. gr.

Í prófinu skal látið reyna á hagnýta og fræðilega þekkingu sem varðar umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og veitingu fjárfestingarráðgjafar. Prófið skiptist í tvo hluta: lögfræði og viðskiptafræði. Í lögfræðihlutanum reynir á eftirfarandi greinar:

1. lög og reglur á fjármálamarkaði,
2. almenna siðfræði og tengda löggjöf á fjármálamarkaði, og
3. aðrar greinar á sviði lögfræði að því marki sem þær skipta máli við umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og veitingu fjárfestingarráðgjafar:
 - a. félagarétt,
 - b. samninga- og kröfurétt,
 - c. gjaldþrotaskipti og sambærileg málsmeðferð, og

d. skaðabótaábyrgð vegna fjárfestingarráðgjafar.

Í viðskiptafræðihlutanum reynir á eftirfarandi greinar:

1. verðbréf, afleiður og gjaldeyri,
2. fjárfestingarferli,
3. viðskiptahætti,
4. aðrar greinar á sviði viðskiptafræði að því marki sem þær skipta máli við umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og veitingu fjárfestingarráðgjafar:
 - a. skattaleg atriði, og
 - b. þjóðhagfræði.

5. gr.

Skráning og undanþágur frá töku prófa.

Öllum er heimilt að skrá sig til prófs til öflunar verðbréfaréttinda.

Þeir sem lokið hafa prófi, eða öðlast réttindi á Evrópska efnahagssvæðinu sem krafist er í viðkomandi ríki til að hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarráðgjöf, eiga rétt á að ráðherra veiti þeim verðbréfaréttindi, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og 2. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

Verðbréfaréttindi sem veitt eru skv. 2. mgr. geta verið afmörkuð við heimild til að hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða heimild til veitingar fjárfestingarráðgjafar.

6. gr.

Einkunnagjöf - lágmarkskröfur til að standast próf.

Einkunnir á prófi til öflunar verðbréfaréttinda skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Til að standast próf til öflunar verðbréfaréttinda þarf próftaki að fá að lágmarki 7,0 í meðaleinkunn í þeim prófum sem krafist er að hann ljúki. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf fái hann lægri einkunn en 5,0.

Próftaki á rétt á að sjá prófurlausn sína, óski hann þess, innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Próftaka er heimilt að skjóta mati á urlausn sinni til prófnefndar til endurmats innan tveggja mánaða frá birtingu einkunnar. Prófnefnd getur skipað prófdómara til að endurskoða urlausn próftaka á ábyrgð prófnefndar.

Ákvörðun prófnefndar um urlausn er endanleg.

Ef taka þarf fleiri en eitt próf til að öðlast verðbréfaréttindi skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri innan þriggja ára frá því hann tók fyrsta prófið.

Prófnefnd staðfestir að próftaki hafi staðist próf til öflunar verðbréfaréttinda.

7. gr.

Samningar prófnefndar.

Prófnefnd er heimilt að fela óháðum aðila að semja prófefnalýsingu í viðkomandi grein, semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófurlausn. Þá er prófnefnd heimilt að semja við óháðan aðila um framkvæmd prófa.

Nú er ekki boðið upp á námskeið vegna prófs til öflunar verðbréfaréttinda og er prófnefnd verðbréfaréttinda þá heimilt að standa fyrir námskeiði í einstökum greinum til undirbúnings prófsins. Í því tilfelli er prófnefnd heimilt að semja við aðra aðila um að halda námskeið samkvæmt þessari málsgrein. Gjald fyrir námskeið skal þá ákveðið af ráðherra að fenginni tillögu prófnefndar, nema samningar takist við framkvæmdaraðila um að hann beri fjárhagslega ábyrgð á námskeiðinu.

8. gr.

Endurmenntun vegna verðbréfaréttinda.

Þeim sem öðlast hafa verðbréfaréttindi er skylt að sækja reglulega endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og gildum.

Endurmenntun vegna verðbréfaréttinda skal að lágmarki svara til sex klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili sem skulu vera staðfestar, t.d. með skriflegri staðfestingu námskeiðshaldara eða frá viðkomandi háskóla ef um er að ræða kennslustörf eða fyrirlestrahald á háskólastigi. Endurmenntunin skal á hverju þriggja ára tímabili ná til einhverra þeirra sviða sem eru talin upp í 2.-3. mgr. 4. gr. og skal að lágmarki tveimur klukkustundum varið í endurmenntun um lög og reglur á fjármálamarkaði, sbr. 1. tölul. 2. mgr. sömu greinar.

Endurmenntunartímabil þeirra sem öðlast hafa réttindi hefst 1. janúar árið eftir að þau voru veitt. Þeir sem hafa réttindi samkvæmt þessari grein skulu halda skrá um endurmenntun sína og afhenda prófnefnd verðbréfaréttinda hana, á því formi sem nefndin ákveður, óski nefndin eftir því.

9. gr.

Hvað telst til endurmenntunar.

Þátttaka í faglegum námskeiðum og ráðstefnum telst til endurmenntunar. Námskeið sem fram fer með rafrænum hætti telst til endurmenntunar. Hver klukkustund sem varið er til námskeiðs eða ráðstefnu telst klukkustund í endurmenntun. Þeir sem standa fyrir slíku námskeiði eða ráðstefnu geta óskað eftir staðfestingu frá prófnefnd verðbréfaréttinda á því að viðkomandi námskeið og/eða ráðstefna teljist til endurmenntunar.

Kennslustörf og fyrirlestrahald á háskólastigi telst til endurmenntunar viðkomandi kennara/fyrirlesara ef um er að ræða efni sem fellur undir eitthvert þeirra sviða sem eru talin upp í 2.-3. mgr. 4. gr. vegna verðbréfaréttinda. Kennslustörf og fyrirlestrahald þar sem farið er endurtekið yfir sama efni telst aðeins til endurmenntunar í fyrsta skipti sem kennsla fer fram eða fyrirlestur fluttur. Kennslustörf og fyrirlestrahald sem vara í eina klukkustund samsvarar fjórum klukkustundum í endurmenntun.

10. gr.

Starfsmaður prófnefndar.

Prófnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd prófa, námskeiðum skv. 2. mgr. 7. gr. og endurmenntun skv. 8. gr.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 41. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1070/2020 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Þeir sem höfðu staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hlotið löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar við gildistöku laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, 1. september 2021, öðluðust verðbréfaréttindi skv. 3. mgr. 147. gr. laganna.

Einstaklingar skv. 2. mgr. geta fengið skriflega staðfestingu frá prófnefnd verðbréfaréttinda á því að þeir hafi verðbréfaréttindi óski þeir eftir því.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.